

The Deloitte logo is positioned in the top left corner of the slide. It consists of the word "Deloitte" in a white, sans-serif font, followed by a small yellow dot. The background of the slide is a photograph of a mountain range with snow-capped peaks under a clear blue sky.

**Deloitte.**

Má draga þetta frá tekjum?

Ráðstefna Félags Viðurkenndra Bókara | Guðbjörg Þorsteinsdóttir | 21. nóvember 2025

Má draga þetta frá tekjum?

Kostnaður í atvinnurekstri (ekki einstaklingar)

Lagagrundvöllur

Helstu kostnaðarliðirnir og álitamál

Dæmi úr framkvæmdinni, úrskurðir og dómar

Samspil reikningshalds og skatta



Skoða þarf tekjuskattslögin, reglugerð um frádrátt frá atvinnurekstri og skattmatið



## Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt

- 31. gr.** - Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri.
- 39. gr.** – Kostnaðarverð undir 600 þ.kr.
- 33-48. gr.** – Fyrnanlegar eignir
- 49. gr.** - Vaxtagjöld, afföll og gengistöp
- 50. gr.** - Hvað ekki telst rekstrarkostnaður.



## Reglugerð nr. 1300/2021 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi


Sett samkvæmt heimild í 2. tölul.  
31. gr. og 121. gr. laga nr.  
90/2003, um tekjuskatt




## Skattmat ríkisskattstjóra

118. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt  
Í upphafi hvers árs skal ríkisskattstjóri  
að fenginni staðfestingu ráðherra gefa  
út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7.  
gr., og öðrum tekjum **og frádrætti sem  
meta þarf til verðs samkvæmt lögum  
þessum.**

Aðal heimildin er 1. tl. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003



Ákvæði 50. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 segir hvað **ekki** telst rekstrarkostnaður



**Gjafir**, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt

**Fjársektir eða önnur viðurlög** vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur kostnað við öflun ólöglegs upptæks hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum.

Kostnað við **rekstur fólksbifreiða**, sem láttnar eru starfsmönnum atvinnurekstrar í té **til eigin afnota**, nema hlunnindareiknað

Þær greiðslur vegna **fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum** fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum, sem eru umfram fyrningar að viðbættum reiknuðum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrri ára

**Arð eða vexti af framlögðu fé** manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi

Kostnað vegna greiðslna, gjafa eða annars sem **ólögmætt** er skv. 109. gr. og 264. gr. a almennra hegningarlaga (mútur)


Í tíð eldri laga var skýrt kveðið á um einkakostnað



**Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, nje neinu af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi.** Eigi má gjaldandi heldur telja með rekstrarkostnaði vexti af fje, sem hann hefur lagt í atvinnurekstur sinn, nje fjelag eða stofnun vexti af hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje

# Launakostnaður

Launakostnaður er almennt stærsti útgjaldaliðurinn



Til rekstrarkostnaðar telst **launakostnaður** til öflunar tekna í atvinnurekstri

Til þessa kostnaðar teljast **hvers konar launagreiðslur**, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er með **reiðufé, hlunnindum eða með öðrum hætti**. Sama gildir um annan starfsmannakostnað, með þeim takmörkunum sem af ákvæðum laga og reglugerðar þessarar leiðir

Séu laun greidd í hlunnindum, svo sem fatnaði, húsnæði eða fæði, má ekki draga frá hærri fjárhæð en sem kostnaðarverði nemur

# Launakostnaður

Muna að reglur í tengslum við hlunnindi eru nátengdar reglum um frádráttarbæran kostnað

Ýmis kostnaður er frádráttarbær frá rekstri og þarf ekki að meta sem hlunnindi hjá starfsmönnum, svo sem:

- Almennar kaffiveitingar
- Námskeiðskostnaður sem tengist beint starfinu
- Ferðakostnaður
- Tækifærisgjafir
- Kostnaður við árshátíð, jólagleði og sambærilegar samkomur svo og starfsmannaferðir, enda séu samkomur þessar og ferðir fyrir starfsfólk almennt og kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á rekstrarárinu



En um leið og skylt er að meta hlunnindi til skattskyldra tekna þá er það orðið frádráttarbær kostnaður!

Kaupréttir starfsmanna geta verið frádráttarbær kostnaður

1

## Kaupréttir geta myndað skattskyld laun

- Meginreglan að ávinningur af kauprétti eða áskriftarrétti sem starfsmaður hefur fengið vegna starfa sinna er skattlagður á sama hátt og launatekjur, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
- Skattskyldur stofn ákvarðast sem mismunur á þeirri fjárhæð sem starfsmaður greiðir fyrir hluti samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði hlutanna á þeim tíma þegar kauprétturinn er nýttur
- Skattlagningu er frestað þar til hlutirnir eru seldir

2

## Skattskyld laun eru frádráttarbær gjöld

- Atvinnurekandi sem veitir kauprétt á rétt á skattalegri gjaldfærslu á því ári sem starfsmenn nýta sér kauprétt/áskriftarréttindi á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
- **ATH það á ekki við um 10. gr. kauprétti (fjármagnstekjur) en þar segir skýrt að mismunur á upphaflegu kaupverði og söluverði hlutanna telst ekki til rekstrarkostnaðar í skilningi 31. gr. laganna**

# Ferðakostnaður

Ferðakostnaður er frádráttarbær ef hann tengist ferðalögum á vegum atvinnurekstrarins



## Ferðakostnaður í þágu atvinnurekstrar

Sé starfsmanni greiddur ferðakostnaður með dagpeningum skulu þeir taldir til rekstrarkostnaðar og gefnir upp með greiddum launum

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað kostnaðar samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð vegna ferðakostnaðar erlendis, annars en gisti- og fæðiskostnaðar, samkvæmt matsreglum sem ríkisskattstjóri setur

**Til staðfestingar á ferðakostnaði þurfa upplýsingar m.a. um tilgang ferðar, þátttakendur og fjölda ferðadaga að liggja fyrir með aðgengilegum hætti**

Skilyrði að um sé að ræða starfsmenn og ferðir á vegum atvinnurekanda, ekki t.d. dótturfélags



## YSKN nr. 117/2024

Gjaldfærslu ferðakostnaðar hafnað vegna **ferðar innanhússlögmanns kæranda til Las Palmas** þar sem **um var að ræða ferð sem tengdist sölu á skipi í eigu dótturfélagsins X ehf.** Taldi ríkisskattstjóri og YSKN umræddan kostnað því ekki tengjast tekjuöflun kæranda heldur varða önnur félög innan samstæðunnar. Í málinu hefur ekkert komið fram þess efnis að kærandi hafi gert X ehf. reikning fyrir greindri vinnu.

Gjaldfærslu ferðakostnaðar hafnað vegna ferðar T til Hamborgar í Þýskalandi. **T var sölustjóri hjá Z ehf., dótturfélagi kæranda,** og T sótti fund með lykilstjórnendum félagasamstæðu kæranda. Með þeim skýringum þykir kærandi ekki hafa sýnt fram á frádráttarbærni umrædds ferðakostnaðar vegna ferðar T, **enda var hann ekki starfsmaður kæranda á þeim tíma sem um ræðir,** sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæði c-liðar 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Er kröfu kæranda varðandi þetta kæruatriði því hafnað.

Hafnað að gjaldfæra kostnað vegna ferðar P til Kanada til að kynna sér starfsemi kanadíska dótturfélagsins R Ltd. **P var ráðinn til starfa sem útgerðarstjóri hjá kanadíska dótturfélaginu í kjölfar ferðarinnar.** Með vísan til þess sem hér að framan greinir um ferð T til Hamborgar á sama ári verður ekki séð að um sé að tefla ferðakostnað í þágu rekstrar kæranda. Er kröfu kæranda um gjaldfærslu þessa kostnaðar því hafnað.



### YSKN nr. 119/2024

RSK hafnaði gjaldfærslu ferðakostnaðar vegna ferðar þriggja einstaklinga frá Tyrklandi til Íslands en þeim var boðið á vígsluathöfn skips. **RSK hafnaði á þeim grundvelli að þeir væru ekki starfsmenn félagsins** og kostnaður vegna þeirra væri því ekki frádráttarbær samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003.

Ekki verður talið að sá rökstuðningur ríkisskattstjóra sé fullnægjandi eins og skýringar kæranda á gjaldfærslunni lágu fyrir embættinu, enda blasti við að litið væri svo á af hálfu félagsins að um frádráttarbæran viðskiptakostnað, þ.e. risnu, væri að ræða, sbr. fyrrgreint ákvæði d-liðar 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994. **Fjallaði ríkisskattstjóri þannig ekkert um hvort sá kostnaður sem um ræðir gæti talist frádráttarbær frá rekstrartekjum kæranda sem risna.** Var vefenging ríkisskattstjóra á umræddum kostnaðarlið þannig ómarkviss og ekki nægilega rökstudd. Af þessum sökum er umrædd breyting ríkisskattstjóra felld úr gildi og er krafa kæranda varðandi þetta kæruatriði tekin til greina á þeim forsendum.

Samtímagögn um þátttakendur og tengsl við atvinnureksturinn verða að liggja fyrir



## YSKN nr. 160/2023

Ekki var talið að kærandi hefði sýnt fram á frádráttarbærni kostnaðar vegna þriggja ferða framkvæmdastjóra félagsins og fjölskyldu hans til Frakklands á **Evrópumót karla í knattspyrnu sumarið 2016**. Var m.a. bent á í því sambandi að engin gögn hefðu komið fram til stuðnings skýringum kæranda um rekstrarlegt tilefni ferðanna.

Einnig var deilt um frádrátt kostnaðar vegna **ferðar til Dubaí og Víetnam** sem framkvæmdastjóri fór í með fyrirvarsmanni mikilvægs viðskiptavinar. Kærandi taldi að helmingur kostnaðarins væri risna en hinn helmingurinn ferðakostnaður. RSK hafði fallist á gjaldfærslu 30% af útlögðum kostnaði. YSKN hafnaði með vísan til þess að breyting ríkisskattstjóra á gjaldfærðum ferðakostnaði vegna ferðarinnar til Dubaí og Víetnam var ekki svo skýr og markviss sem skyldi. Þá var óljóst hvað ríkisskattstjóri lagði til grundvallar við mat sitt á frádráttarbærum hluta. Verður að telja að verulega hafi skort á að rökstuðningur væri viðhlítandi, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. **Þykir því verða að ómerkja breytingu ríkisskattstjóra með öllu hvað snertir þetta kæratriði.**

# Risna vegna atvinnurekstrar

Risnukostnaður er frádráttarbær ef honum er beint að aðilum sem tengjast rekstrinum



## Risna vegna atvinnurekstrar

Sá kostnaður sem lagt er í til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskiptasambanda eða halda þeim við, enda sé kostnaður eðlilegur miðað við tilefni

Frádráttarbær risna þarf að beinast að aðilum sem ekki starfa við fyrirtækið eða tengjast því með öðrum hætti, svo sem stjórnarmenn eða hluthafar

Til staðfestingar risnukostnaði þurfa upplýsingar m.a. um tilefni risnu, hverjir hennar nutu og tengsl þeirra við fyrirtækið að liggja fyrir með aðgengilegum hætti

Hvenær telst kostnaður eðlilegur miðað við tilefni?



## YSKN nr. 352/2002

Gjaldfærður „viðskiptakostnaður“ í rekstrarreikningi kæranda fyrir rekstrarárið 2000 nam **1.617.060 kr. vegna fimm laxveiðiferða\***. Skattstjóri taldi að kostnaður við umræddar laxveiðiferðir væri ekki nema að hluta til frádráttarbær og áætlaði frádráttarbæran hluta kostnaðarins. Skattstjóri byggði á því að kostnaðurinn gæti ekki talist eðlilegur miðað við tilefni og að ekki hefði verið sýnt fram á að risnan hefði beinst að fulltrúum viðskiptavina.

Yfirsattanefnd tók fram að rökstuðningur skattstjóra fyrir lækkunum væri naumast fullnægjandi og **tók kröfu kæranda til greina að undanskildum kostnaði sem leiddi af þátttöku tveggja manna sem ekki voru starfsmenn viðskiptavina**. Hlutur þeirra var áætlaður þriðjungur af heildarkostnaði vegna viðkomandi veiðiferða.

*\*Verðlagsreiknivél Hagstofunnar segir 5.471.795 kr. í október 2025*

Stjórnendur mega vera þátttakendur ásamt viðskiptavinum



## YSKN nr. 1015/1997

Þau útgjöld sem skattstjóri hefur gert athugasemdir við undir þessum kærulið eru að öllu leyti tilkomin í tengslum við veiðiferðir. Heildarútgjöld vegna ferðanna námu 1.505.229 kr. gjaldárið 1991, 1.396.551 kr. gjaldárið 1992 og 2.259.491 kr. gjaldárið 1993. Samkvæmt skýringum kæranda voru þátttakendur 15 fyrsta árið, 17 annað árið og 16 síðasta árið, þ.a. einn erlendur gestur öll árin og maki viðkomandi tvö seinni árin.

Af þeim fjárhæðum hefur skattstjóri alfarið fallist á frádráttarbærni **1.174.730 kr. gjaldárið 1991, 1.127.157 kr. gjaldárið 1992 og 1.882.690 kr. gjaldárið 1993\***. Forsendur skattstjóra voru þær að fallast mætti á allan kostnað vegna erlendra gesta, stjórnarformanns kæranda og stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem alls væru sjö aðilar, en að öðru leyti þætti ekki vera um að ræða rekstrarkostnað samkvæmt 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981.

*\*Verðlagsreiknivél Hagstofunnar segir 5.014.770 kr., 4.629.136 kr. og 7.492.281 kr. í október 2025*

Nú eru einungis styrkir til félaga á almannaheillaskrá frádráttarbærir

## Gjafir eru ekki frádráttarbærar

*Undantekning varðandi tækifærisgjafir til starfsmanna og viðskiptavina*

**Fram til 2021** var heimilt að draga frá allt að 0,75% tekjum vegna gjafa og styrkja til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmalaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa




**Frá árinu 2021** er einungis heimilt að draga frá allt að 1,5% af tekjum vegna gjafa og styrkja til félaga sem skráð eru á **almannaheillaskrá**

Auk þess er heimilt að draga frá allt að 1,5% af tekjum vegna gjafa og styrkja til aðgerða sem stuðla eiga að kolefnisjöfnun, svo sem aðgerða í rekstri til kolefnisjöfnunar, sem og fjárframlög til skógræktar, uppgræðslustarfa og endurheimtar votlendis

# Markaðssetning og auglýsingar

Eðlilegur hluti af atvinnurekstri að leggja út í kostnað við auglýsingar enda kostnaður sem ætlað að auka tekjurnar



STAY EXTRAORDINARY *Diet*  
**Coke**

Entertain in style with  
**TAYLOR SWIFT**

Enter and you could win a **\$2,500** gift card and cool Diet Coke and Taylor Swift prizes to throw your own extraordinary party.

The advertisement features Taylor Swift in a red dress pouring Diet Coke into glasses at a table. The background is a bright, clean setting with a window.

# Markaðssetning og auglýsingar

Auglýsingar geta tekið á sig ýmsar myndir

Hrd. nr. 3/1997

## Vífilfell ehf. gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík

Að síðustu er undir þessum lið ágreiningur um gjaldfærslu kostnaðar, að fjárhæð 497.528 kr., gjaldárið 1992.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er hér um að ræða kostnað vegna leigu á hljóðkerfi, kaupa á skyrtum og aksturs á ýmsa staði á landsbyggðinni með hljómsveitina GCD.

Allir reikningar vegna þessa kostnaðar eru stílaðir á kæranda, og fylgja þeim beiðnir, undirritaðar af starfsmanni kæranda.

**Þrátt fyrir það að ekki liggi fyrir samningur við umrædda hljómsveit, þykir mega fallast á, að kostnaður þessi teljist til auglýsingakostnaðar.**



# Markaðssetning og auglýsingar

Hvað með stóra viðburði í nafni ákveðins vörumerkis?



## YSKN nr. 119/2024


Um útgjöld kæranda vegna tónleika á árinu 2017 kom fram í úrskurði yfirskattanefndar að **framlög atvinnufyrirtækja til samfélagslegra verkefna, t.d. á sviði menningarmála, vísinda eða umhverfisverndar, sem fyrst og fremst væri ætlað að efla orðspor og ímynd fyrirtækjanna út á við og ættu sér stað án þess að sérstakt endurgjald kæmi fyrir, yrðu almennt ekki talin til rekstrarkostnaðar.**

Ekki var vefengt að þátttaka félagsins í bæjarhátíð á árinu 2017 hafi haft auglýsingagildi fyrir félagið og að virða megi hluta útgjalda kæranda vegna skemmtiviðburða á bæjarhátíðinni sem þátt í frádráttarbærum auglýsinga- og markaðskostnaði félagsins, sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003.

Niðurstaða að ákvarða að álitum **helminginn (50%) af framlagi kæranda sem frádráttarbæran auglýsinga- eða markaðskostnað.**


# Eignfærslur eða gjaldfærslur

## Mörk rekstrarkostnaðar og fjárfestinga



# Eignfærslur eða gjaldfærslur

## Mörk rekstrarkostnaðar og fjárfestinga





### YSKN nr. 141/2022

Ríkisskattstjóri taldi að kæranda, sem var einkahlutafélag, væri óheimilt að gjaldfæra í skattskilum sínum fjármagnskostnað vegna nýsmíði fiskiskipa. Benti ríkisskattstjóri á að kostnaðurinn væri eignfærður í ársreikningum félagsins vegna sömu ára og að kæranda bæri að haga skattskilum sínum að þessu leyti á sama veg og í ársreikningi.

Fram kom í úrskurði yfirskattanefndar að ekki færi á milli mála að samkvæmt skattalögum bæri að telja bókhald og ársreikning vera grundvöll undir skattskilum bókhaldsskyldra aðila. **Hefði slíkur aðili valið að eignfæra beinan fjármagnskostnað vegna smíði eignar í reikningsskilum sínum bæri jafnframt að eignfæra slíkan kostnað í skattskilum, enda stæðu skattaleg atriði því ekki í vegi.**

Var hin kærða ákvörðun ríkisskattstjóra látin standa óhögguð, en 25% álag var fellt niður.



### ÓBIRTUR ÚRSKURÐUR YSKN

Kærandi hafði gjaldfært skattalega lántökukostnað og þókanir ráðgjafa í tengslum við tvær skuldabréfaútgáfur. Í reikningshaldi hafði kostnaðurinn verið færður til gjalda með öðrum fjármagnskostnaði yfir lánstíma skuldabréfanna, þ.e. annars vegar þrjú ár og hins vegar sjö ár, í samræmi við IFRS reikningsskilastaðal.

YSKN staðfesti, með vísan til úrskurðar YSKN nr. 141/2022, að meginreglan sé sú að skattskil eigi að taka mið af færslum bókhalds og upplýsingum í ársreikningi, að því leyti sem annað leiðir ekki af skattareglum. **Kærandi hefði því borið að dreifa kostnaðinum yfir lánstíma skuldabréfanna.**

Þó talið að RSK hefði ekki verið heimilt að leggja 25% álag á gjaldabreytinguna.

# Hagnýtar leiðbeiningar fyrir bókara



Hvaða tengsl á kostnaðurinn við atvinnureksturinn?



Geyma kvittanir, reikninga eða samninga að baki kostnaði



Skýring á tilgangi útgjalda – hverjir nutu, hvert var farið og hvers vegna?



Samstarf og ráðleggingar frá endurskoðendum, bókurum eða skattalögfræðingum



Reglulegt bókhald, skýringarlyklar og skrá kostnað á viðeigandi tekjuári



Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyfi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about).

Deloitte Legal ehf. er lögmannsstofa á Íslandi. Deloitte Legal vörumerkið vísar til lögmannsstofa aðildarfélaga DTTL og tengdra félaga þeirra sem veita lögmannsþjónustu og skatta- og lögfræðiráðgjöf. Eðli og umfang þeirra verkefna er breytilegt milli lögsagna, í samræmi við staðbundnar reglur. Deloitte Legal aðildarfélagin eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar sem geta ekki skuldbundið hvern annan gagnvart þriðja aðila. Hvert Deloitte Legal aðildarfélag er því eingöngu ábyrgt fyrir eigin athöfnum en ekki annarra Deloitte Legal aðildarfélaga. Vegna ólíkra staðbundinna reglna þá veita ekki öll aðildarfélag Deloitte lögfræðiráðgjöf.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félög, starfsfólk eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félög, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.